



Alþingi  
Velferðarnefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. febrúar 2022

**Efni:** Umsögn um mál nr. 24, frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (varsla).

152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 24 — 24.mál

Það er von þakkar veitt tækifæri á að veita umsögn um málið.

**Það er von lýsir yfir ánægju yfir frumvarpi þessu líkt og kom fram í fyrri umsögn<sup>1</sup> Það er von.**

Það er von telur að með breyttri löggjöf sé skref tekið fram á við í átt að betra og mannúðlegra samfélagi með skaðaminnkandi stefnu að leiðarljósi. Fjármagn og kraftur hefur verið settur í löggæslu sem að hefur skilað litlum árangri. Lögreglumenn eru bundnir af því að hafa afskipti af fólki með litla neysluskammta og fíkniefnaneytendur hræðast oft að leita sér aðstoðar af ótta við refsingar af hálfu yfirvalda. Þessa stefna teljum við vera ranga, með þessu móti geta dýrmæt líf tapast. Fjármagn og kraft ætti fremur að setja í heilbrigðiskerfið og styðja við sjúklinga með fíknivanda.

Íslenska ríkinu og stjórnvöldum ber að hafa mannúð, heilsu og öryggi allra borgara efst á baugi í hvívetna og teljum við að íslensk stjórnvöld séu að bregðast þessari skyldu sinni með núverandi löggjöf. 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944<sup>2</sup> segir sem svo: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika“. Þá er skv. 65. gr. stj.skr. mælt fyrir um að allir skuli njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættar og stöðu að öðru leyti, sbr. 14. gr. laga um mannréttinasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Til þess að hægt sé að styðja við vímuefnaneytendur telur það er von nauðsynlegt að fjölga meðferðarúrræðum, auka forvarnir og fjárfesta í fólkinu og þar með uppfylla stjórnvöld hluta af sínum skyldum gagnvart borgurunum.

<sup>1</sup> Alþt. 2020-2021, A-deild, 714. mál, umsögn Það er von við frumvarpið, erindi nr. Þ 151/2904.

<sup>2</sup> Hér eftir stj.skr.



Samkvæmt skýrslu fjölþjóðlegrar nefndar, er í stuttu máli mælt með afgangavæðingu og veita þeim sem þess þurfa heilbrigðisaðstoð.<sup>3</sup> Í sömu skýrslu er lögð áhersla á mannúð og að viðurkennt sé að vímuefnanotkun sé heilbrigðisvandi. Þannig eigi að líta á fíkniefnaneytandann sem sjúkling fremur en afbrotamann.<sup>4</sup> Með þessari nálgun má ná fram betur skaðaminnkandi stefnu sem að það er von telur vera ákjósanlega. Þessi fyrrnefnda skýrsla teflir fram tillögu til stjórnvalda heimsins þess efnis þar sem hvatt er til tilrauna með lögleiðingu fíkniefna í þeim tilgangi að grafa undan skipulagðri brotastarfsemi sem er oft fylgifyskur fíkniefnavandans.<sup>5</sup>

Við hjá það er von skiljum óttann sem að sumir finna fyrir við tilhugsunina að afgangavæða fíkniefni. Sumir hafa sagt að með því væru stjórnvöld að gefa röng skilaboð til almennings og þá sérstaklega ungmenna um að fíkniefni séu í lagi. Eins hafa heyrst raddir um að fíkniefnin verði þá aðgengilegri og vandasamt gæti reynst að ákveða venjulegan neysluskammt þar sem að neysluskammtur manneskju A og B er misstór. Eins og fram kemur í lagafrumvarpinu er nánast ómögulegt að skilgreina neysluskammta. Við hjá það er von erum sannfærð um að með rétttri fræðslu, forvörnum og auknu aðgengi að meðferðarúrræðum svo einhver dæmi séu nefnd, séu stjórnvöld ekki að gefa röng skilaboð með afgangavæðingu. Við teljum að með þessu móti nái yfirvöld, s.s. lögreglan og dómstólar að vinna betur með vímuefnaneytendum og skapa meira traust milli þessara hópa. Auðveldara sé þá að koma inn skaðaminnkandi nálgun þar sem vímuefnanotandinn þarf ekki lengur að leyna sjúkdómi sínum gagnvart yfirvöldum og jafnvel aðstoða viðkomandi í átt að bata, sé manneskjan tilbúin til þess.

Global commission on drug policy gaf út nýja skýrslu í fyrra undir nafninu Time to end prohibition.<sup>6</sup> Í skýrslunni er skaðaminnkandi aðferðarfræði skýrð mjög vel:

Með skaðaminnkandi nálgun er sjálfræði einstaklings virt þar sem félagslegum og heilsufarslegum afleiðingum vegna vímuefnanotkunarinnar er haldið í skefjum. Skaðaminnkandi nálgun tekur tillit til áhættunnar af vímuefnanotkuninni sem og veruleika þeirra sem vímuefnunum eru háðir, án fordæmingar eða háðs þar sem fólk

---

<sup>3</sup> Report of the global commission on drug policy, „War on drugs“ (Global commission on drug policy, júní 2011) 2 <[http://www.globalcommissionondrugs.org/wp-content/uploads/2017/10/GCDP\\_WaronDrugs\\_EN.pdf](http://www.globalcommissionondrugs.org/wp-content/uploads/2017/10/GCDP_WaronDrugs_EN.pdf)> skoðað 18. febrúar 2022.

<sup>4</sup> Sama heimild, bls. 5.

<sup>5</sup> Sama heimild, bls. 11.

<sup>6</sup> Report of the global commission on drug policy, “Time to end prohibition” (Global commission on drug policy, 2021) <[https://www.globalcommissionondrugs.org/wp-content/uploads/2021/12/Time\\_to\\_end\\_prohibition\\_EN\\_2021\\_report.pdf](https://www.globalcommissionondrugs.org/wp-content/uploads/2021/12/Time_to_end_prohibition_EN_2021_report.pdf)> skoðað 18. febrúar 2022.



er aðstoðað við að lifa fíkniefnaneysluna af. Með þessari nálgun tengjst ýmsir hópar s.s. heilbrigðisstarfsmenn, starfsmenn félagsþjónustunnar, vímuefnaneytendur o.fl.<sup>7</sup>

Þá eru ýmsar leiðir kynntar í skýrslunni „Time to end prohibition“ sem að mælt er með að stjórnvöld fari eftir í sinni fíkniefnastefnu og löggjöf. Þeirra á meðal er að lögleiða fíkniefni og hafa mannúð og öryggi að sjónarmiði sem og að leggja niður refsistefnu í fíkniefnamálum.<sup>8</sup>

Við teljum afglæpavæðingu neysluskammta í takti við ofangreindar skýrslur þar sem áralangar rannsóknir liggja að baki þeirrar niðurstöðu að refsistefna í fíkniefnamálum virkar ekki.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Það er von,

---

Anna Margrét Kristjánsdóttir,  
stjórnarmeðlimur

---

Hlynur Kristinn Rúnarsson,  
stjórnarformaður

---

<sup>7</sup> Sama heimild, bls. 7.

<sup>8</sup> Sama heimild, bls. 24.